

Náttúrustofa Suðurlands
Ægisgötu 2
900 Vestmannaeyjar

14. júní 2019
UST201905-230/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Stofnvöktun lunda og bjargfugla í Ingólfshöfða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Suðurlands, dagsett 21. maí 2019, um leyfi til lundarannsókna innan friðlandsins Ingólfshöfða til ársins 2024.

Ingólfshöfði er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 388/1978. Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvíkmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Rannsóknirnar í Ingólfshöfða eru hluti af stærra verkefni sem snýr að stofnvöktun lunda á Íslandi. Verið er að kanna viðkomu lundans með IR holubyndavélum. Um er að ræða tvær heimsóknir í byrjun álegu í byrjun júní og seinni hluta ungarímans um miðjan júli. Um er að ræða 50 rannsóknarholur sem merktar eru með plastrórum með álnúmeraplótum. Eru holurnar heimsóttar árlega. Samhliða athugunum í júní eru teknar ljósmyndir af fuglabjörgum til talninga við Votaberg og við vita. Sótt erum að leyfið gildi til ársins 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni líklegt til að valda truflunum á dýralífi til skamms tíma. Vísindalegt gildi verkefnisins vegur á móti neikvæðum áhrifum rannsóknaraðferðarinnar. Ekki er mögulegt að vinna rannsóknina með öðrum hætti og hún mikilvægur hluti af stofnvöktun lundans hér við lands sem hefur átt undir högg að sækja og er skráður á válista Náttúrafærðistofnunar sem tegund í bráðri hættu. Rannsóknin er í fullu samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Náttúrustofu Suðurlands leyfi fyrir rannsóknum á lunda og bjargfuglum í Ingólfshöfða sbr. lýsingu hér að ofan til loka árs 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær ráðgert er að athuganir fari fram ár hvert og þegar þeim lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er utan göngustíga eins og kostur er.
- Leyfið gildir aðeins fyrir aðila sem koma að rannsókninni.
- Þeir sem koma að rannsókninn skulu vera merktir þeirri stofnun sem þeir vinna fyrir, til dæmis með merktum sýnileikafatnaði og eða öðrum áberandi auðkennum meðan dvalið er utan merktra gönguleiða.
- Afmá skal merkingar við lundaholur á svæðinu þegar stofnvöktuninni er hætt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Daniel Freyr Jónsson
Daniel Freyr Jónsson
sérfræðingur